



#### **4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2022 - 2023 haldinn þriðjudaginn 7. feb. 2023 kl.12:00.**

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sara Dögg Svanhildardóttir og Davíð Freyr Jónsson . Hrefna Ævarsdóttir fulltrúi foreldraráðsins. Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara, Andri Bergmann Ísaksen fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

##### **Dagskrá:**

- Kosning formanns og varaformanns – Áslaug Hulda Jónsdóttir kosin formaður og Sara Dögg Svanhildardóttir varaformaður.
- Fjármál skólans  
Lokaniðurstaðan í mínus eftir árið 2022 en skólinn á uppsafnaðan hagnað þannig að það gengur á hann. Fyrsta árið í langan tíma sem skólinn er í mínus eftir árið. Gert ráð fyrir mínus aftur á næsta ári. Ýmsir þættir geta spilað inn í eins og mikil verðbólga, veikindi starfsmanna o.fl.
- Innritun vor og haust 2023  
Kynjahlutfall í skólanum er til athugunar. Verslunarskólinn er eini framhaldsskólinn sem kominn er með kynjakvóta. MK og Flensburg eru með hlutfallið 70/30 strákar/stelpur. FG var með akkúrat öfugt í hópi nýnema síðasta haust þ.e. 70/30 stelpur/strákar en heildarhlutfall nemenda í skólanum er um 60/40 stelpur /strákar. Höfum áhyggjur af strákum í skólakerfinu, stelpum líður almennt verr en standa sig almennt betur í náminu. Innritunarkerfið er allaf mikið í umræðunni.
- Félagsmál nemenda  
Allt að verða tilbúið fyrir árshátíð í mars. NFFG ætlar að taka tillit til skoðana nemenda samkvæmt niðurstöðu skólaþingsins og hafa frekar minni viðburði heldur en lokaball. Gettu betur liðið er komið í sjónvarpið en Morfís liðið er dottið úr keppni, rafíþróttamót framhaldsskólanna í gangi.
- Önnur mál  
Umræða um nemendafélagsgjöld, spurning um hækkun vegna þess hve allt hefur hækkað í samfélaginu.  
Staða aðstoðarskólameistara verður auglýst í mars.

Fundi slitið kl. 12:55

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari